



Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/978*  
*komudagur 14.2.2007*

Reykjavík 11. febrúar 2007  
SP/hó

**Efni: Frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð, 395. mál**  
*Tilv: 2007020005*

Við er í bréf umhverfisnefndar dags. 1. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.


Ekki gafst kostur á að leggja frumvarpið fyrir stjórn Bændasamtakanna með formlegum hætti innan þess frests, sem gefinn var, en samtökin vilja koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að gert sé ráð fyrir, að landeigendur og ábúendur geti “viðhaldið þeirri hefðbundnu nýtingu sem viðgengist hefur fram til þessa á svæðum innan þjóðgarðsins”.

Þetta er mjög mikilvægt, og Bændasamtökin leggja áherslu á, að lagasetningin tryggi, að búseta með fjölbreyttri atvinnustarfsemi geti dafnað í þeim sveitum sem þjóðgarðurinn nær til. Reyndar kemur fram í sömu greinargerð, að flestir sem að undirbúningi málsins hafa komið telji að stofnun þjóðgarðsins muni styrkja atvinnustarfsemi og byggð í nágrenni hans. Fyrir þessu má örugglega færa rök, en þá er jafnframt mikilvægt, að stjórnskipulag þjóðgarðsins verði þannig uppbyggt og starfsemi í honum þannig háttáð, að heimamenn á hverjum stað njóti sem mest af fraksturs.

Í 1. og 3. grein frumvarpsins er kveðið á um samþykki landeigenda fyrir því að land þeirra verði innan þjóðgarðs og hvernig friðlýsingu þess er háttáð. Þá skal leita samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar fyrir friðlýsingu lands í sveitarfélaginu. Þetta eru afar mikilvægt ákvæði, og Bændasamtökin leggja ríka áherslu á, að sem mest samráð verði haft við heimamenn í öllu undirbúningsferli fyrir stofnun þjóðgarðsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Sigurður Þorgeirsson